

Minnisblað

Samhæfð svæðaskipan í málefnum barna, innleiðing svæðisbundins farsældaráðs og Menntastefna Vestfjarða – aðgerðaáætlun og innleiðing

Á vegum Menntamálaráðuneytis hefur starfshópur um sameiginlegar starfsstöðvar/samhæfða svæðaskipan vegna farsældar barna sett fram tillögur sem miða að því að efla samtal um bætt og aukið samstarf í landshlutum, miðlun reynslu og góðra starfshátta í því skyni að þetta net og þjónustu í kringum börn og fá alla að borðinu sem koma að lífsferli barna með einum eða öðrum hætti.

Á Vestfjörðum hefur verið unnið að verkefnum sem tengjast samstarfi tengdu málefnum barna og á síðasta ári gerðu sveitarfélög á Vestfjörðum með sér samning um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum þar sem Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag. Samningurinn nær til barnaverndarþjónustu og þjónustu við fatlað fólk.

Á vegum ríkislögreglustjóra hefur verið unnið að því að formfesta svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum og er unnið að því að koma á samstarfi lykilaðila á svæðinu undir yfirskriftinni „Öruggar Vestfirðir“.

Vestfjarðastofa vann í víðtæku samráði fræðslustofnana, sveitarfélaga og fleiri Menntastefnu Vestfjarða á síðasta ári sem lögð var í drögum fyrir Fjórðungsþing og í kjölfarið send sveitarfélögum á Vestfjörðum til staðfestingar.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti sem haldið var í Bolungarvík 6.-7. október 2023 ályktaði um þá fyrirbyggjandi drög að Menntastefnu Vestfjarða. Þar sammæltust sveitarfélögin á Vestfjörðum um að innleiða og nýta Menntastefnu Vestfjarða við mótun skólustefnu fyrir hvert sveitarfélag og leggja í þeim til aðgerðir sem styðja við framtíðarsýn, leiðarljós og markmið Menntastefnu Vestfjarða. Jafnframt var því beint ráðuneyta að nýta og styðja við Menntastefnu Vestfjarða við mótun aðgerða og stefnumótun í viðkomandi ráðuneytum.

Við afgreiðslu sveitarfélaga kom fram eindreginn vilji þeirra til að mótuð væri aðgerðaáætlun með mælanleg árangursviðmið til þess að fara eftir og myndi styrkja vægi Menntastefnu og fylgni.

Öll þau verkefni og aðgerðir sem nefndar eru hér fyrir ofan tengjast málefnum og farsæld barna á Vestfjörðum með einum eða öðrum hætti og því mikilvægt að nýta það samstarf sem byrjað er að koma á og halda áfram til að samræma þjónustu við börn og ungmenni á svæðinu.

Það er mat Vestfjarðastofu að mikilvægt sé að vinna af krafti að því að vinna að slíkri aðgerðaáætlun. Til þess þarf þó fjármagn og mannskap sem ekki er til staðar. Skapa þarf vettvang, vinna þarf greiningar og ýta undir samstarf sveitarfélaga, fræðsluaðila og atvinnulífs með sýnilegum og markvissum hætti næstu ár.

Lagt er til að Sóknaráætlun Vestfjarða verði eflað með fjármagni til að mæta þessari brýnu þörf á næsta tímabili Sóknaráætlunar 2025-2029 auk þess sem stutt verði samtímis stöðugildi á Vestfjarðastofu til að vinna að verkefnum við samþættingu og samstarf.

Kostnaður:

Verkefnastjórn: 15 m á ári

Áhersluverkefni: 15 m. á ári

Aðgerðir:**Aðgerð 1 Samstarfsvettvangur farsældar og menntunar á Vestfjörðum**

Unnið verði að því að móta samstarfsnefnd fagaðila sem tengjast farsæld og menntun á Vestfjörðum. Unnið verði á grunni Velferðarþjónustu Vestfjarða sem leidd er af Ísafjarðarbæ, samstarfi sem unnið er að undir yfirskriftinni „Öruggeri Vestfirðir“ og Menntastefnu Vestfjarða. Meðal verkefna væru að:

- Móta leiðir til samstarfs og aðgerðir farsældarráðs Vestfjarða
- Stilla upp áhersluverkefnum tengdum verkefninu
- Samhæfa þjónustu við börn frá leikskóla til menntaskóla
- Auka samstarf stjórnenda skóla og menntastofnana á Vestfjörðum
- Auka samstarf og samskipti á milli skóla og annarra menntastofnana á Vestfjörðum
- Auka samstarf og samskipti milli skóla, skólastiga og félagsmiðstöðva
- Auka samstarf og samskipti atvinnulífs við skóla og fræðsluaðila
- Auka sókn Vestfirskra aðila tengdum menntun og fræðslu í innlenda og erlenda styrkjasjóði

Aðgerð 2 Þarfagreiningar og aðgerðaáætlun

Auk þess að stofna samstarfsvettvang menntunar væri verkefnastjóra falið að láta vinna greiningar og draga fram nauðsynleg gögn til að hægt sé að móta leiðir til úrbóta á sviði menntunar og farsældar barna.

- Stuðla að greiningu á þörfum fyrir sameiginlega og nútímalega skóla- og stoðþjónustu á Vestfjörðum
- Greina þarfir atvinnulífs og samfélags fyrir aukið námsframboð og leita leiða til að koma til móts við þær þarfir í samstarfi við menntastofnanir innan og utan svæðis
- Greina þarfir íbúa af erlendum uppruna fyrir þjónustu á sviði menntunar og stuðnings við börn þeirra.
-

Aðgerð 3 Fjölmennningar og nýsköpunarsamfélag

Áhersla lögð á að efla alla íbúa á Vestfjörðum í gegnum menntun og fræðslu þannig ýtt undir sterka sjálfsmynd, aukna velferð og jákvæðara hugarfar gagnvart fjölbreytileika í víðum skilning. Þessi aðgerð felur meðal annars í sér:

- Sveitarfélög, menntastofnanir og aðrir fræðsluaðilar vinni saman að því að koma til móts við ólíkar námsþarfir nemenda, auka virkni þeirra í námi og draga úr brotthvarfi.
- Sveitarfélög leggi áherslu á að bjóða öflugum samfélagsfræðslu fyrir nýja íbúa og fólk af erlendum uppruna.

Ísafirði 4. apríl 2024

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu